



Borgarráð

***Umsögn borgarráðs um tímabundið tækifæris- og áfengisleyfi vegna lengri opnunartíma á Gauknum, Tryggvagötu 22.***

Gamli Gaukurinn ehf hefur sótt um tækifæris- og tímabundið áfengisveitingaleyfi vegna lengri opnunartíma um verslunarmannahelgi á Gauknum, Tryggvagötu 22, 101 Reykjavík.

- frá kl. 22.00 þann 1. ágúst 2019 til kl. 03.00 aðfaranótt föstudagsins 2. ágúst 2019

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 kemur fram í 18. gr. að sækja þarf um leyfi til sölu og/eða afhendingar áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innan dyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftast en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar. Tímabundið leyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki gefið út til veitingar og/eða sölu áfengisveitinga á stað sem hefur fengið útgefið rekstrarleyfi heldur fara allar áfengisveitingar á slíkum stöðum fram á grundvelli rekstrarleyfisins og á ábyrgð leyfishafa. Rekstrarleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi samkvæmt ákvæði þessu sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga.

Samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sem byggist á landnotkunarákvæðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er óheimilt að veita áfengi lengur en til kl. 01.00, nema aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Veitingastaðurinn er staðsettur í miðborg, á svæði þar sem gilda rýmri heimildir og má lengst leyfa afgreiðslutíma áfengis til kl 04:30, aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Umsóknin samræmist ekki þeim ákvæðum þar sem sótt er um veitingatíma áfengis til kl. 03:00 aðfaranótt föstudags. Í 4. mgr. 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 er rekstrarleyfishafa þó heimilað að sækja um leyfi sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga. Verður talið að sá viðburður sem hér er um rætt geti fallið að þeirri heimild.

Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan er lagt til að borgarráð veiti jákvæða umsögn um tímabundið áfengisleyfi vegna lengri opnunartíma um verslunarmannahelgi á Gauknum, Tryggvagötu 22, 101 Reykjavík.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

